

## LÖG

### um breytingu á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum um stjórn fiskveiða (veiðistjórn grásleppu).

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### I. KAFLI

##### Breyting á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 79/1997.

###### 1. gr.

1. mgr. 7. gr. laganna orðast svo:

Grásleppuveiðar skulu háðar sérstöku leyfi Fiskistofu og eiga þeir bátar einir kost á slíku leyfi sem rétt áttu til leyfis á grásleppuvertíðinni 1997 samkvæmt reglum þar um eða leiða rétt sinn af þeim bátum. Fiskistofu er óheimilt að gefa út ný grásleppuveiðileyfi, sem ekki byggjast á fyrri leyfum, til báta sem mælast stærri en 15 brúttótonn. Ráðherra skal í reglugerð kveða nánar á um skipulag grásleppuveiða og veiðitíma samkvæmt þessari málsgrein. Getur ráðherra m.a. ákveðið að leyfin séu bundin við ákveðið svæði og að aðeins hljóti leyfi til veiða á tilteknu svæði skip sem skráð eru á því svæði. Þá getur ráðherra sett reglur um heimildir til flutnings leyfa til grásleppuveiða milli báta.

###### 2. gr.

Við 2. mgr. 21. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Þar til réttaráhrifum leyfis-sviptingar lýkur er hvorki heimilt að flytja réttindi grásleppuveiðileyfis af bát né réttindi grásleppuveiðileyfis til viðkomandi báts.

#### II. KAFLI

##### Breyting á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006.

###### 3. gr.

7. gr. a laganna fellur brott.

###### 4. gr.

7. mgr. 8. gr. laganna fellur brott.

###### 5. gr.

7. másl. 6. mgr. 12. gr. laganna fellur brott.

6. gr.

Eftirfarandi lína í töflu 1. mgr. 13. gr. laganna fellur brott:

Grásleppa	1,5%
-----------	------

7. gr.
- Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:
- Lokamálsliður 6. mgr. fellur brott.
  10. mgr. fellur brott.

8. gr.
- Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða XXV í lögunum:
- Á eftir orðinu „til“ í 2. mgr. kemur: og með.
  - Við 2. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þá er einnig óheimilt að flytja aflamark skips í grásleppu yfir á nýtt fiskveiðiár.
  - Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:  
Ákvæði þetta fellur úr gildi 1. september 2026.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 2026 nema 8. gr. sem öðlast þegar gildi.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Allar aflahlutdeildir í grásleppu sem skráðar eru á skip falla niður við gildistöku laga þessara.

*Gjört á Bessastöðum, 14. mars 2026.*

**Halla Tómasdóttir.**  
(L. S.)

Hanna Katrín Friðriksson.